



# Skólaráð

Flóaskóli

Fundargerð: 27.01.2023

## Mættir:

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri  
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara  
Ragnar Gestsson, fulltrúi kennara  
Ósk Unnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Kamilla Hafdís Ketel, fulltrúi nemenda  
Kári Þór Steindórsson, fulltrúi nemenda  
Helgi Sigurðsson, fulltrúi grenndarsamfélags  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra  
Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra  
Fundarritari: Sigrún Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri

## Dagskrá fundar:

- Fjölskyldudagar 20. – 24. febrúar 2023
- Viðmiðunarstundaskrá
- Kennsla list- og verkgreina
- Skóladagatal 2023 – 2024\_DRÖG

**1. Viðmiðunarstundaskrá-** Gunnlaug leggur fram skjal sem hún hefur tekið saman og borið saman stundaskrá nemenda Flóaskóla eftir árgöngum samanbórið viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrá grunnskóla. Einhverjar stundir vantar í árgöngum eldri nemenda sem er bætt þegar þau eru í yngri bekkjum. Ástæðan fyrir þessu er svo að allir komist í skólabil í sama tíma. Lagt fyrir fund hvort að við vinnum áfram út frá þessu eða koma með tillögu að breytingu. Ákveðið að halda þessu óbreyttu. Dans er bætt við tíma list- og verkgreina tíma sem og gert ráð fyrir leiklistarvali.

## 2. Kennsla list- og verkgreina og VAL

List- og verkgreinakennsla. Bundið val í list og verkgreinum í 7.-10. bekk. Spurning hvort að við eigum að hafa bundið val í þessum greinum í 9.-10. bekk eða leyfa nemendum að velja eftir áhuga og auka bóklegt val t.d. undirbúningur fyrir 3 tungumál. Áhugi meðal nemenda að auka danstímum. Umræður um að fyrir framhald í námi nemenda að auka val í upplýsingatæknikennslu og hafa markvissari kennslu á forritum eins og exel. Flóaskóli gæti gengið inn í samstarf skóla hjá nýrri og skólajónustu uppsveita og Flóa sem snýr að því að bjóða nemendum upp á aukið val í svokölluðum smiðjum.

## 3. Fjölskyldudagar 20. – 24. febrúar 2023

Umræður frá síðasta fundi að þema væri átthagar á fjölskyldudögum, starfsfólki finnst að almenn ánægja sé með þessa hugmynd í húsinu. Hugmynd um að fá fólk úr sveitafélaginu til að koma og segja frá því þegar þau gengu í skólann fyrir yngri nemendur fá kynningu á fjölbreyttri starfsemi í sveitarfélaginu fyrir eldri nemendur. Hlutverk skólaráðs er að halda íbúafund á fjölskyldudögum og fjalla um skólareglur og þá væri hægt að tryggja aðkomu foreldra með því að hafa samband fyrir fund. Einnig væri hægt að hafa einhverskonar fræðslu fyrir foreldra til dæmis *vertu næs*, þetta er þó bara fyrir foreldra stúlkna í 6.-10. bekk. Almenn ánægja fundar með þetta. Hugmynd um að hafa áherslu á að nemendur kynni verkefni sín í list- og verk á fjölskyldudögum sem að fundur samþykkir.

## 4. Skóladagatal 2023 – 2024\_DRÖG

Fyrsta umræða um skóladagatal. Spurning hvort að við eigum að halda haustfrí inni áfram. Fsu stýrir svolítið haustfrí á haustin á Suðurlandi. Skiptar skoðanir um hvort halda eigi haustfrí. Ákveðið að halda umræðunni áfram næst.

## 5. Önnur mál

Búið að halda rýnifund með 9. og 10. bekk sem kynnt var á síðasta fundi skólaráðs. Frekari niðurstöður verða kynntar frekar þegar búið er að vinna úr niðurstöðum.

Umræður um veikindi og leyfi nemenda.

Næsti fundur verður föstudaginn 10. mars 2023, kl. 8:30

Fundi slitið

09:40